

## **Greinargerð með tillögu að starfsleyfi**

Efnamóttakan – Hafnarfirði

### **Grein 1.1**

Efnamóttakan er staðsett í Gufunesi, Reykjavík, en mun flytja að Berghelli 1 í Hafnarfirði þegar nýtt starfsleyfi tekur gildi.

### **Grein 1.2**

Efnamóttakan óskaði eftir heimild til að taka á móti úr sér gengnum ökutækjum til vinnslu, heimildin takmarkast við 1500 tonn á ári.

Rúmmálsminnkun kælitækja mun fara fram í húsnaði sem tilheyrir Gámaþjónustunni hf sem er með starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis. Samráð var haft við heilbrigðiseftirlitið vegna þessa atriðis og gerðu þeir ekki athugasemdir við fyrirkomulagið.

### **Grein 3.11**

Rekstraraðili óskaði eftir heimild til eimingar efna og var hún takmörkuð við 150 tonn á ári.

### **Grein 4.3**

Í starfsleyfistillöggunni eru sett inn losunarmörk fyrir svifagnir, en þau eru ekki til staðar í nágildandi starfsleyfi rekstraraðila. Losunarmörk fyrir kvikasilfur og kadmíum haldast óbreytt frá nágildandi starfsleyfi. Losunarmörk fyrir blý eru hækkuð úr 0,1 í 0,2 mg/l. Efnamóttakan hafði áður óskað eftir hækjun á losunarmörkum blýs, þar sem slíkt myndi rúmast innan BAT viðmiða. Umhverfisstofnun samþykkti hækjun losunarmarka fyrir blý úr 0,1 í 0,2 mg/L með bréfi dagsettu 29. desember 2011, en þar kemur einnig fram að hækjunin taki aðeins gildi í nýju starfsleyfi.

Mörk fyrir nikkel eru 0,5 mg/L í starfsleyfistillöggunni, en er 1,0 mg/L í nágildandi leyfi. Losunarmörk fyrir kopar og króm haldast óbreytt frá nágildandi starfsleyfi.

Losunarmörk fyrir sink eru 1,0 mg/L í starfsleyfistillöggunni en eru 2,0 mg/L í nágildandi leyfi. Þetta er gert til að samræmast þeim losunarmörkum sem mælt er með í BAT, en þar er gefið upp bilið 0,1 til 1,0 mg/L.

Losunarmörk fyrir Arsen lækka í 0,15 mg/L frá 0,5 mg/L í nágildandi starfsleyfi. Þetta er í samræmi við önnur nýleg starfsleyfi sem stofnunin hefur gefið út.

Þá eru losunarmörk fyrir olíu í frárennsli 15 mg/L.

### **Grein 8**

Sett var inn bráðabirgðaákvæði sem heimilar aukna losun sinks fyrstu fimm árin eftir að nýtt starfsleyfi tekur gildi. Starfssemin mun verða staðsett í nýbyggingu og reynslan sýnir að sink losun frá byggingarefnum, svo sem þakjárn, er töluverð fyrstu árin og því var samþykkt að taka tillit til þess og veita ákveðið svigrúm í losunarmörkum. Losunarmörk fyrir sink verður því 2,0 mg/L fyrstu fimm starfsárin, og færast svo niður í 1,0 mg/L sbr. grein 4.3.